

STÖRKURINN

ÞRÍLIT BOUCLÉ PEYSA



Peysan er öll þrjúnuð úr tvöföldu garni, einum þræði af ljósu bouclé garni og einum af tvinnuðu mohair. Þannig fást mismunandi litbrigði.

Hönnun

Jena Kofoed

Stærðir

S - M - L

Yfirvidd á peysunni

104 - 110 - 116 cm

Sídd frá háls máli að fit

Um 63 - 65 - 67 cm

Garn

Bouclé frá Mohair by Canard - 300g hráhvítt í allar stærðir

STÖRKURINN

Kidmohair 2-ply frá Mohair by Canard - 100g af rauðleita garninu, 50g af gulu og ljósgráu í allar stærðir.

Mohair Bouclé (78% Mohair/13% ull/9% nælon), 100 g = 170m.

Kidmohair 2-ply (65% kidmohair/35% merínoull) 50g = 175m (fæst í Storkinum).

Prjónar

Hringprjónnr nr 9 (80cm) og sokkaprjónar nr 9.

Prjónfesta

10L og 15 umf í sléttprjóni með einum þræði af hvorru tegund af garni á prjóna nr 9 = 10x10cm. Ef prjónfestan passar ekki þarf að prófa fínni eða grófari prjóna.

Aðferð

Peysan er öll prjónuð með tvöföldu garni, einum þræði af Mohair bouclé (sami litur í allri peysunni) og einum af tvinnuðu mohair (3 mismunandi litir).

Bolurinn og ermarnar eru prjónaðar í hring og svo sameinað á einn hringprjón og tekið úr með laskaúrtöku.

Orðalykill

L = lykkja, lykkjur

umf = umferð

S = slétt

s = saman

z = snúnar / prjóna aftan frá

sléttprjón = fram og til baka; slétt á réttunni og brugðið á röngunni, hringprjón; alltaf slétt

Útaukningar

1Sz = aukið út með því að prjóna þverbandið á milli L snúið sama hvoru megin.

Úrtökur

2Ss = 2 lykkjur sléttar saman, halla til hægri.

2Ssz = 2 lykkjur teknar óprjónaðar, ein í einu framan frá, vinstra prjóni stungið inn í báðar lykkjurnar og þær prjónaðar saman (aftan frá), halla til vinstri.

BOLUR

Fitjið upp 104-110-116L með hringprjónum nr 9 og 1 þræði af rauðleitu tvinnuðu mohair og 1 þræði af hráhvítu bouclé. Setjið merki við upphaf umferðar.

Prjónið slétt þar til bolurinn mælist 25 cm. Haldið áfram með hvíta bouclé granið en skiptið yfir í gula mohair garnið og prjónið áfram slétt þar til gulan röndin er orðin 12 cm. Prjónið þar til 2L eru aftir að byrjun umf. Fellið af 4L fyrir handveg, prjónið 48-51-54L, fellið af 4L, prjónið 48-51-54L. Geymið.

ERMAR

Fitjið upp 28-30-32L á sokkaprjóna nr 9 með 1 þræði af hvítu bouclé + 1 þræði af rauðleitu tvinnuðu mohair. Setjið merki við byrjun umferðar. Prjónið slétt og aukið jafnframt út 1L eftir fyrstu L umf og 1L fyrir síðustu L umf.

Endurtakið útaukninguna í 6. hverri umf alls 3 sinnum, eftir það í 8. hverri umf 3 sinnum = 40-42-44L.

Þegar ermin mælist 29cm er skipti úr rauðleita þræðinum yfir í þann gula.

STÖRKURINN

Prjónið áfram slétt þar til gula röndin mælist 15-15-16cm. Fellið af 2L sitt hvoru megin við byrjun umferðar fyrir handveg. Geymið 36-38-40L sem eftir eru. Prjónið hina ermina eins.

LASKAÚRTAKA

Sameinið á hringprjóninn ermar og bol þannig að ermar komi þar sem fellt var af fyrir handveg á bol. Setjið merki þar sem ermar og bolur mætast á 4 stöðum.

Samtals = 168-178- 188L.

Umferðin byrjar þar sem bak og vinstri ermi mætast. Prjónið 1 umf slétt. Skiptið úr gulu yfir í ljósgráan þráð og prjónið áfram berustykki slétt með laskaúrtökum sitt hvoru megin við merkin þannig:

1S, 2Ss, prjónið þar til 3L eru eftir að næsta merki, 2Ssz, 1S, endurtakið frá *til* alls 4 sinnum (= 8L teknar úr í umf). Takkið þannig úr í annarri hverri umf alls 15-16-17 sinnum og skiptið yfir í styttri hringprjón eða sokkaprjóna þegar lykkjunum fækkar = 48-50-52L. Éndið á að prjóna 5 umf slétt og fellið af.

Frágangur

Saumið opið í handvegum saman, gangið frá endum.

